

**Fundargerð 76. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 18. maí 2015 kl. 9:00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Sævar Skaptason og Guðjón Bragason. Frá Framkvæmdasjóði Skrúðs Brynjólfur Jónsson og Þórir Örn Guðmundsson.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Sólrún Anna Jónsdóttir

**Dagskrá fundar:**

Tilfni fundarins er svar Framkvæmdasjóðs Skrúðs við bréfi sendu 20. mars 2015 um breytingar á forsendum verkefnis 13-007, þjónustuhús við Skrúð í Dýrafirði.

Farið var yfir umsókn verkefnis 13-007 og lesinn upp eftirfarandi rökstuðningur sem fylgdi með tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða að styrkveitingu til Framkvæmdasjóðs Skrúðs vegna þjónustuhúss árið 2013:

*„5.000.000 kr. styrkur er veittur til hönnunar og uppbyggingar á þjónustuhúsi fyrir ferðamenn við Skrúð í Dýrafirði. Styrkurinn er ætlaður til að vernda náttúru- og menningarminjar við Skrúð í Dýrafirði, bæta þjónustu, aðgengi og auka fræðslu og upplifun ferðamanna á svæðinu.“*

Einnig var farið yfir almennar forsendur sjóðsins fyrir styrkveitingum og þá staðreynd að verkefnið sem styrkinn fékk fyrir rúmum tveimur árum, var og er styrkhæft samkvæmt lögum sjóðsins, en þær breytingar sem nú er verið að gera á forsendum og framkvæmdum falla ekki að lögum sjóðsins.

Brynjólfur fór yfir verkefnið frá 2013 en upphafleg umsókn var til að fjármagna þjónustuhús. Síðan greindi hann frá Carlo Scarpa verðlaunum þeim sem garðurinn fékk sama árið. Fulltrúar verðlaunanna gagnrýndu fyrirhugaðar tillögur og vegna þeirrar gagnrýni og fjárskorts var ákveðið að bíða með framtíðarlausnir og leita einfaldari lausna til að skapa aðstöðu fyrir ferðamenn og umsjónarmenn garðsins. Sú tillaga sem nú liggur fyrir er unnin af Elísabetu Gunnarsdóttur arkitekts. Tillagan felur í sér að gámur er staðsettur við norðaustur horn garðsins. Gámurinn er klæddur að utan með veðruðu timbri en í honum er aðstaða starfsmanna og þrjú salerni sem opin verða gestum. Tillagan er hugsuð til bráðabirgða til 10 ára.

Meðal umræðna í framhaldi var sá möguleiki að ferðaþjónustuaðilar m.a. Vesturferðir leggi til aðstöðu fyrir ferðamenn þar sem garðurinn er viðkomustaður farþega þeirra. Ítrekað var að bráðabirgðalausnir falla ekki að viðmiðum og kröfum sjóðsins. Einnig var ítrekað að sjóðurinn tekur ekki þátt í rekstrarkostnaði eða byggingum sem snúa að rekstri garðsins eins og vélageymslum eða aðstöðu starfsmanna.

Fram kom að Ísafjarðarbær er eigandi garðsins en Menntamálaráðuneytið á aðliggjandi jörð, Núp. Sú hugmynd var rædd að ferðamenn nýttu aðstöðuna á Núpi en fram kom að salernisaðstaða þar væri ekki góð.

Áætlað er að 3000 manns heimsæki garðinn fyrir utan farþega sem koma með rútum, þeir gætu verið um tvö þúsund.

Rætt var um rekstrarskjöl, kostnaðaráætlanir og framvinduskýrslu sem barst í febrúar s.l. frá Framkvæmdasjóði Skrúðs og var farið lauslega yfir hvaða liðir gætu talist styrkhæfir.

Niðurstaða fundarins var að stjórn Framkvæmdasjóðs Skrúðs mun taka saman þann áfallna kostnað sem talist getur styrkhæfur, þær fyrirhuguðu framkvæmdir sem gætu fallið að kröfum sjóðsins (t.d.

## FUNDARGERÐ

## FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA

göngustígar og aðrar framkvæmdir sem falla undir framtíðarskipulag, verndun, aðgengi og uppbyggingu varanlegra innviða) og geri grein fyrir þeirri vinnu sem talist getur mótframlag. Björn mun veita þeim handleiðslu við þetta og leggja síðan niðurstöðuna fyrir stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Ítrekað var að hvorki rekstrarkostnaður né ráðstefnukostnaður eru styrkhæf.

Fundi slitið kl. 10:00

Fundargerð rituðu Sólrún Anna Jónsdóttir og Björn Jóhannsson

Albin Þorsson  
Guðjón Þorgrímsson  
Anna Þorgrímsdóttir  
Sólrún Anna Jónsdóttir